

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 12.6.2023  
UST202301-397/G.S.Á.  
08.06.02

**Varðar þrýstiprófun á einni lögn Olíudreifingar ehf. nr. 680.70.00 í birgðastöðinni á Þórshöfn.**

Umhverfisstofnun bárust þann 9. maí sl. niðurstöður þrýstiprófunar á einni eldsneytislögn í olíubirgðastöðinni á Þórshöfn. Lögnin er úr svörtu stáli, 6" DN 150 168,3mm x 7,1 mm.

Prófunin fór fram þann 9. febrúar 2021. Þrýstingi var lyft upp í prófunarþrýsting, rúm 10 bör og prófað í 4 klst. Síriti af gerðinni Campell CR850 vaktaði og skráði þrýstingsbreytingar.

Meðfylgjandi eru samantektarblöð um prófanir. Lögnin stóðst prófunina.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á lögninni. Þrýstiprófa skal að lágmarki á fimm ára fresti.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir  
Sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir  
Teymisstjóri